

Til aðila með ársskilamáta vegna ársins 1998

Hjálagt fylgir virðisaukaskattsskýrsla vegna uppgjörs-
tímabilsins 1998 með gjalddaga 15. mars n.k.

Greiðsluskýrslu skal skila, ásamt greiðslu,
eigi síðar en á gjalddaga til innheimtumanns ríkis-
sjóðs, banka, sparisjóðs eða pósthúss.

Inneignarskýrslu skal skila **eigi síðar en á
gjaldaga** beint til skattstjóra **ásamt**

- 1) afriti af ársreikningi 1998
- 2) eða afriti af skattframtali rekstraraðila 1999 (vegna 1998)
- 3) eða hreyfingalistum inn- og útskatts 1998
- 4) eða ljósriti af bókhaldshefti 1998.

**Fylgi umrædd gögn ekki inneignarskýrslu
má búast við því að skattstjóri hafni skýrslu
og áætli virðisaukaskatt.** Inneignarskýrslu
ásamt viðeigandi gögnum á að skila **beint** til virðisaukaskattsdeildar viðkomandi skattstofu, þetta eru **ekki** fylgiskjöl með skattframtali.

Hjálagt fylgja einnig orðsendingar vegna virðisauka-
skatts nr. 3/1998, 4/1998 og 1/1999, ásamt saman-
burðar- og leiðréttingarskýrslum virðisaukaskatts
(RSK 10.25 og RSK 10.26).

Samanburðarskýrsla virðisaukaskatts er fylgigagn
með skattframtali. Leiðréttingarskýrslu virðisauka-
skatts skal skila til innheimtumanns (greiðsluskýrsla)
eða skattstjóra (inneignarskýrsla) ef breyting verður á
forsendum ársskilamáta (t.d. ef sala á skattskyldri
vöru og þjónustu nær 800.000 kr. á almanaksári) eða
ef leiðrétt þarf áður innsenda virðisaukaskatts-
skýrslu. Sjá nánari upplýsingar í orðsendingu 1/1999
og á bakhlið eyðublaðanna.

**Nánari upplýsingar veita virðisaukaskatts-
skrifstofa ríkisskattstjóra í síma 563-1112
og skattstjórar um land allt.**

VIRÐISAUKASKATTSSKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA